



HVERAGERÐISBÆR

Ráðningarsamningur

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, og Geir Sveinsson, kt. 270164-2699, gera með sér svofelldan ráðningarsamning um starf bæjarstjóra Hveragerðisbæjar kjörtímabilið 2022 til 2026:

1. gr.

Starfsheiti

Geir Sveinsson er ráðinn bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

2. gr.

Ráðningartími

Bæjarstjóri er ráðinn frá og með 1. ágúst 2022. Ráðningarsamningi lýkur án sérstakrar uppsagnar við lok kjörtímabils 2022-2026, sbr. 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 48. gr. samþykkta um stjórn Hveragerðisbæjar frá 5. júlí 2013 með síðari breytingum, eða til þess tíma þegar nýkjörin bæjarstjórn kemur saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum 2026.

Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á gildistíma hans samkvæmt ákvæði í 9. gr. þessa samnings.

3. gr.

Ábyrgðar- og starfssvið

Um hlutverk bæjarstjóra fer samkvæmt 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 49. gr. samþykkta um stjórn Hveragerðisbæjar frá 5. júlí 2013 með síðari breytingum.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrælsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframta rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, meðal annars í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem tekna eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

4. gr.

Vinnutími


Vinnutími bæjarstjóra er að jafnaði hefðbundinn dagvinnutími. Bæjarstjóra er skyld að vinna þá yfirvinnu sem þörf krefur, hvort sem er utan dagvinnutíma virka daga eða um helgar, enda eru laun hans miðuð við það.

5. gr.

Kjör

Bæjarstjóra skulu greidd laun kr. 1.750.000 á mánuði. Skulu launin taka breytingum í samræmi við breytingar á kjarasamningum Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Laun þessi eru fyrir vinnuframlag bæjarstjóra, þar með talið fundarsetu í bæjarstjórn, bæjarráði og öðrum ráðum og nefndum eftir atvikum. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu sem bæjarstjóri vinnur, sbr. 4. gr. þessa samnings.



6. gr.

Önnur starfskjör

Bæjarstjóri skal fá greiddan akstursstyrk fyrir afnot af eigin bifreið í þágu starfs síns sem bæjarstjóra. Akstursstyrkur skal nema 1.000 kílómetrum á mánuði og skal greitt í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins á hverjum tíma.

Hveragerðisbær leggur bæjarstjóra til tölvu og farsíma og greiðir fyrir netþjónustu á heimili hans og notkun farsíma. Við starfslok skulu farsími, tölvu og búnaður sem bæjarstjóri hefur fengið verða eign hans.

Allar ferðir og uppihald á vegum Hveragerðisbæjar eru greiddar af sveitarfélagini gegn framlögðum reikningum. Dagpeningar eru greiddir skv. viðmiðun skattyfirvalda um frádráttarbærni.

Bæjarstjóri hefur heimild til að nýta 7 daga á ári til endurmenntunar sem tengjast störfum bæjarstjóra fyrir Hveragerðisbæ. Hveragerðisbær greiðir í slíkum tilfellum námskeiðsgjöld og kostnað við námsgögn að höfðu samráði við forseta bæjarstjórnar.

7. gr.

Lifeyrissjóður og tryggingar

Bæjarstjóri greiðir til lifeyrissjóðs lögbundið framlag gegn lögbundnu framlagi Hveragerðisbæjar. Ákvæði bæjarstjóri að nýta sér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar skal Hveragerðisbær greiða mótfamlag í samræmi við reglur og lög um viðbótarlífeyrissparnað á hverjum tíma

Hveragerðisbær greiðir iðgjald slysa- og líftryggingar fyrir bæjarstjóra með sama hætti og gert er hjá öðrum starfsmönnum Hveragerðisbæjar.

8. gr.

Réttindi

Bæjarstjóri nýtur almennra réttinda sem kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga kveða á um, þar með talið. Réttindi til launagreiðslu í veikindaföllum, orlofs- og desemberuppbóta og orlofsréttinda sem nema 30 orlofsdögum á ári hverju. Bæjarstjóri heldur fullum launum á orlofstíma. Bæjarstjóri skal við ákvörðun orlofstöku hafa samráð við forseta bæjarstjórnar og formann bæjarráðs. Flutningur orlofsréttinda á milli orlofsára er óheimill, sbr. þó ákvæði 6. gr. orlofslaga nr. 30/1987 um tengsl orlofstöku og veikindaréttar.

9. gr.

Uppsögn samnings og biðlaun

Verði bæjarstjóri ekki endurráðinn að ráðningartímabili loknu, sbr. 1. mgr. 2. gr. þessa samnings, skal Hveragerðisbær greiða honum laun í samræmi við 5. gr. samnings þessa í sex mánuði frá næstu mánaðamótum eftir að starfstíma lýkur samkvæmt 2. gr.

Komi til uppsagnar á samningi þessum, sbr. 2. mgr. 2. gr. þessa samnings, er uppsagnarfrestur sex mánuðir og hefur bæjarstjóri vinnuskylda á uppsagnarfresti ef Hveragerðisbær óskar þess. Bæjarstjóra skulu greidd laun samkvæmt 5. gr. á uppsagnarfresti. Aðilum er heimilt að semja um styttri uppsagnarfrest.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal ekki greiða laun á biðlaunatíma eða uppsagnarfresti fái bæjarstjóri annað starf á þeim tíma. Skulu þá launagreiðslur frá Hveragerðisbæ samkvæmt samningi þessum falla niður frá og með fyrsta starfsdegi hjá nýjum vinnuveitanda. Séu launagreiðslur í hinu nýja starfi lægri en biðlaun bæjarstjóra falla biðlaunin þó ekki að fullu niður heldur skerðast sem nemur launagreiðslum í nýju starfi.

Við andlát bæjarstjóra meðan á ráðningu stendur verða greidd laun fyrir viðkomandi mánuð, ásamt 6 mánaða eftirlaunum í samræmi við launaákvæði í 5. grein til eftirlifandi maka og barna.

SS
Blaðsíða 2 af 3

10. gr.

Önnur störf

Bæjarstjóra er alla jafna óheimilt að taka að sér önnur störf en fyrir sveitarfélagið nema að höfðu samráði við forseta bæjarstjórnar og formann bæjarráðs.

11. gr.

Endurskoðun

Hvor aðili um sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef sérstakar aðstæður krefja.

12. gr.

Ágreiningur

Rísi mál út af samningum þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

13. gr.

Annað

Samningur þessi er gerður samkvæmt 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samningur þessi er undirritaður af forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs í tveimur samhljóða eintökum.

Hveragerði 4/8'22

Staður og dagsetning

Fyrir hönd Hveragerðisbæjar,

Geir Steinsson

Jóhanna Ýr Jónnssdóttir, forseti bæjarstjórnar

Jóhanna Ýr Jónnssdóttir

Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs

Sandra Sigurðardóttir